



Fundargerð

Þriðjudaginn 24. mars 2009 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.00 á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Björn Magnússon, Héðinn Sigurðsson, Rafn Sigurbjörnsson og Magnús B. Jónsson. Einnig sátu fundinn Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri og Guðjón Ólafsson fræðslustjóri. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri málefna fatlaðra og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV sátu einnig fundinn undir dagskrárlið 1.

Formaður stjórnar, Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ráðningarmál vegna þroskaþjálfra

Félagsmálastjóri greindi frá þeim umsóknum sem hafa verið til umfjöllunar og að umsækjandi sem talin var áhugasamur hafi dregið umsókn sína til baka. Leit sé haldið áfram að þroskaþjálfra. Umræður urðu um málið og kom m.a. fram að bæði Capacent og félagsmálastjóri hafa leitað að starfsmanni og reglubundnar auglýsingar hafa birst sl. 3 mánuði. Ákveðið að gera enn frekari tilraunir til að auglýsa starfið og endurmeta málið að afloknum umsóknarfresti ef ekki verða viðbrögð.

2. Helstu verkefni fræðslustjóra

Guðjón Ólafsson fræðslustjóri kynnti þau verkefni sem hann hefur verið að vinna að og sinnir fyrir grunn- og leikskóla og lagði fram yfirlit yfir þá málaflokka sem heyra undir starfssvið hans og skýrði nánar hvernig að þeim málaflokkum er staðið. Umræður urðu um verkefni fræðsluskrifstofu og skóla- og fræðslustarf í A-Hún almennt.

3. Fasteignir – viðhald og rekstur

Magnús gerði grein fyrir framkvæmdum við íbúðir að Ægisgrund þar sem farið hefur verið í endurbætur á neysluvatnskerfi íbúðanna. Einnig farið yfir stöðu endurbóta á Hnitbjörgum og ákveðið að láta endurmeta tillögur um frágang á ytra byrði hússins. Tekin fyrir leiga á sameiginlegu rými í Hnitbjörgum og samþykkt fyrirleggjandi tillaga að leiguverði.

Farið var yfir stöðu áætlunar um kostnað við að endurbæta vatnslagnir í Sæborg.

4. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 11.35

Björn Magnússon

Héðinn Sigurðsson

Rafn Sigurbjörnsson

Magnús B. Jónsson

Auður H. Sigurðardóttir